# Lestrarlandið

# Vinnubók



A, á, b, d, ð, e, é,
f, g, h, i, í, j, k.
L, m, n, o, ó og p
eiga þar að standa hjá.

R, s, t, u, ú, v næst,
x, y, ý, svo þ, æ, ö.
Íslenskt stafróf er hér læst
í erindi þessi skrýtin tvö.

*Þórarinn Eldjárn*



**Til kennara!**

Á bls. 70–72 er vinnubókinni fylgt úr hlaði og þar má finna kennsluleiðbeiningar við einstök verkefni í bókinni.




Ég heiti ______________________________

Bekkurinn minn heitir ______________________________





Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.



jú jól jæja jól Jón jól jæja



Tengdu **j-hljóðið** við orðbútana og skrifaðu orðin á vagnana.






Klappaðu orðin og skrifaðu hve mörg klöppin eru.
Skrifaðu fyrstu tvo stafina.



3 ja



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



Púslaðu stöfunum saman og búðu til orð.












Tengdu hljóðin saman og skrifaðu orðin.





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| s | á | sjá | l | ós | |
| s | ó | | l | ón | |
| m | á | | s | ón | |
| m | ó | | l | ómi | |
| s | al | | r | ómi | |

 Lestu.

Allir eru saman um jólin
nema Jón afi sem er á sjó.
Júlía les á jóla 
Í  eru jójó,
sjal, vasaljós og úr.
Jæja, sagði mamma.
Vilja allir ís?
Já, vanillu-ís með 
og rjóma, sagði Jói.

 Skrifaðu.

Í  voru:

 j ____________

 S ____________

 ____________

 ____________

 Lestu orðin og raðaðu þeim í setningar.




1. ____________________________________

____________________________________




2. ____________________________________

____________________________________




3. ____________________________________

____________________________________







Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.




Fía foss fáni foss Fúsi foss Fía foss



Tengdu hljóðin og skrifaðu orðin.



a — r far

á — r

ó — r

e — r

ö — r

æ — r



Búðu til orð úr orðbútunum.

fer

na

ferna


Fí
a

si
Fú



fá
ni


fo
li

fíf

ill



Lestu og skrifaðu.





Nú er vor.

Fía og Fúsi sjá fífil og lóu.

Fía og Fúsi sjá foss

sem frussar í sólinni.

Fúsi fer nær fossinum

og finnur folann sinn.







Fúsi og Fía sjá ________ og ________ .

Fúsi ____________________________________ .



Búðu til orð og skrifaðu.





Lestu og skrifaðu.




fúl



Litaðu myndirnar þar sem þú heyrir **bæði f** og **r** hljóð.















Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

É É É

É

é é é

é




ég vél sé ég hér mér ég hér ég



Hvar heyrir þú **é**? Fremst, inni í orðinu eða aftast?

   

□□□ □□□ □□ □□□□



Lestu og skrifaðu. Veldu orðin fyrir neðan eða þín eigin orð.

Ég sé ____________________

____________________

____________________

Ég sé ____________________

____________________

____________________




máni fé él

venus vél




Hvað heita börnin?

Ég heiti ______________

Ég heiti ______________



Búðu til orð. Segðu orðin.









Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.




hani hvar hæna hver hús hvar hún



Lestu og skrifaðu.



ár hár

óa

æna

ífa

ola

ef

in

ani



Lestu og skrifaðu.



Hér vil ég vera, sagði húsa-músin.

Ég á b ________ og ________ .



brauð



molar

Hvar er ég?

Ég er í ________ í húsi.



hola



Hér vil ég vera, sagði haga-músin.

Ég á b ________ og ________ .



fræ



ber

Hvar er ég?

Ég er í ________ í haga.



hola



Hverjir búa í húsinu? Skrifaðu heiti dýranna.
Hlustaðu eftir hljóðum stafanna.




4 ☐☐☐☐ 2 ☐☐☐☐☐ 5 ☐☐☐☐☐

3 ☐☐☐☐ 6 ☐☐☐☐ 7 ☐☐☐☐☐ 1 ☐☐☐



Tengdu orðin sem ríma.

 • • 

 • • 

 • • 

 • • 



Litaðu eftir bókstöfunum.

j = h =
r = f =





Lestu og skrifaðu.

Ég er hjá Heru í háu húsi,

á háum hól.

Hér eru 4 álmur,

10 salir og 7  hús.

Hvar er ég?

Ég er í ______________.



Teiknaðu mynd af húsinu.

Ég er hér.



Lestu og skrifaðu.

Hera á 10 hænur og 1 hana,

9 , 4 hjálma og 5 hjól.

Hera nær í hjálm.

Hún fer á Hosu sinni

fram að sjó.

Hún finnur Mósa.

Hann hímir hjá háum hamri.



Hjálpaðu Heru að finna Mósa.
Dragðu línu eftir stafrófsröð.




Hver er á Hosu? __________ er á __________ .

Hvar er Mósi? Hann __________ ______ __________ __________ .







Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.




te tær tά tær tά te tíu tær

Nn Oo Óó Pp Rr Ss Tt Uu Úú Vv Xx Yy Ýý Þþ Ææ Öö



Hvar heyrir þú **t**? Fremst, inni í orðinu eða aftast?

    

    



Tengdu hljóðin og skrifaðu orðin.



á — sa ____________

æ — r ____________

í — mi ____________

a — la ____________

ó — fa ____________



Lestu og svaraðu spurningunum.

Amma Telma talar

um Tómas afa.

Hann fór til Tansaníu.

Amma vill fara til afa

og sjá  og ljón.

Um hvern talar amma?

Hún talar um __________ _______ .

Hvert fór Tómas afi?

Hann fór ______ ______________ .

Amma vill sjá  og ________ .



Dragðu strik frá orðinu í rétta mynd.









tær

taska

tíu

hattur

tómatur

Tóta

tré

tólf











Búðu til orð úr orðbútunum.




*óviti*



Lestu og skrifaðu rétt orð við myndirnar.

Tóta á afmæli.

Hún er tíu ára.

Tómas afi og

amma Telma færa

henni tíu  og

lítinn voffa sem

hún nefnir Tátu.

Tóta fær ól á Tátu

frá Tuma vini sínum.



10











Hvaða myndir eiga sama orð?



Dragðu línu eftir stafrófsröðinni.




















Hvað er á myndinni? ________.







Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.




gá gaman gos gaman gá gól gos



Hve mörg klöpp eru í orðinu? Skrifaðu fyrsta stafinn.



3 ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



☐ ____



Tengdu hljóðin og skrifaðu orðin.



ó – l a ___ ___ ___ ___

o – l a ___ ___ ___ ___

a – l a ___ ___ ___ ___

æ – l a ___ ___ ___ ___



Litaðu. g =  f =  t =  h = 




Hér er ___ ei ___



Lestu og teiknaðu mynd úr sögunni.

Gógó og Gosi eru vinir.

Gógó á hjól og hjálm.

Gosi fær að hjóla.

Mjaaá, – Gosi gætir sín ekki.

**SPLASS!**

Vatnið gusast í allar áttir.
Ví, ví, ví, vælir sírenan.



Lestu og skrifaðu. Tengdu í rétta mynd.



________ og ________ eru vinir.

Gosi ________ út í á og vatnið ________.



Sírenan vælir ____, ____, ____.







Búðu til orð og skrifaðu á línurnar.




gistihús

________

________

________

________



Lestu og skrifaðu.



Leystu gátuna.

Gústi og Gunna

fara í afmæli til Gógó.

Gógó fær margar gjafir:

Gítar, trommu,

horn og lúður.



Mamma gefur Gógó ______________ .



Hverjir komu í afmælið? ______________________________

Hver hefur gaman af tónlist? __________________________



Lestu mjúka **g** og tengdu í rétta mynd.



Lestu og skrifaðu.

Afi sagar.




Mamma lagar • •



Músin nagar • •



Ljósið logar • •






— ís __________

— ín __________

— ær __________

— as __________

— ár __________








Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.




með við að þið við með að



Hvar heyrir þú **ð**? Inni í orðinu eða aftast?








Lestu.

Regnið lemur á rúðuna.
Víðir suðar um
að fara út með Iðu.
Hann fer í stígvél og galla.
Víðir og Iða vaða og sulla.
Æ, æ, Víðir og Iða
verða renn-vot.



Krossaðu í réttan reit.



Er rigning úti? ☐ ☐
Finnst Víði
og Iðu gaman? ☐ ☐
Eru Víðir
og Iða vot? ☐ ☐
Verður mamma
ánægð? ☐ ☐



Tengdu hljóðin og skrifaðu orðin.

a
e
ú
i
æ

– **ða**



Leystu gátuna.



Víðir ______________.



Ö ö



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

ö ö ö

ö

ö ö ö

ö




ös örn ör ös örn örn ör



ö = ð = g = t = j= é = s =





Lestu.

Öggi er geimvera.

Hann fer í afmæli

til Ömma.

Öggi má ekki fá sælgæti

og hann má ekki fá gos.

Æ, æ, sagði Ömmi.

Öhö, mér líður vel,

sagði Öggi.



Krossaðu í réttan reit.



Á Ömmi afmæli?

Er Öggi vélmenni?

Má Öggi fá gos?

Má Ömmi fá sælgæti?

Sagði Ömmi, öhö?

Sagði Öggi, mér líður vel?



Lestu og skrifaðu. Hvernig breytast orðin?

amma



Ég ætla að gefa ö______________ blóm.

Vala



Ég ætla að tala við ______________ .

Anna



Ég ætla að læra með ______________ .

mamma



Ég ætla að fara til ______________ .



Kastaðu upp teningunum.
Búðu til orð og skrifaðu.




______________ ______________ ______________

______________ ______________ ______________

______________ ______________ ______________



Lestu og skrifaðu.



Örn er oft í hömrum
nálægt sjó.
Hann lifir á fuglum
og étur egg.
Örninn fangar oft
 í sjónum.

Hvar er örninn?
Hann er í ______________
______________________.

Hvað étur örninn?
Hann étur ______________
______________________.



Dragðu strik á milli orða sem hafa sömu merkingu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| fanga | nálægt | éta | sjór |
| haf | hremma | nærri | lifa á |



Skrifaðu fyrsta stafinn og lestu orðin.

 ____  ____ 9 ____  ____  ____

 ____  ____  ____  ____  ____  ____  ____



B b



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

B B B

B

b b b

b




ber bára ber ber bær ber bátur



Tengdu hljóðin og skrifaðu orðin.



i – l ___ ___ ___

á – l ___ ___ ___

ó – l ___ ___ ___

e – r ___ ___ ___

æ – r ___ ___ ___



Lestu.

Búi og Bára eru
í berja-mó.
Bára er búin
að tína fulla fötu.
Búi er latur
og borðar bara berin.
Hann er berja-blár.



Krossaðu í réttan reit





| | | |
|---|---|---|
| Bára og Búi fara í bíó. | ☐ | ☐ |
| Bára tínir fulla fötu. | ☐ | ☐ |
| Bára borðar berin. | ☐ | ☐ |
| Búi borðar berin. | ☐ | ☐ |
| Búi er latur. | ☐ | ☐ |
| Búi er með bláar varir. | ☐ | ☐ |



Skrifaðu rétt orð við myndirnar.







___________ ___________ ___________ ___________ ___________



Búðu til orð úr orðbútunum.





















Finndu 4 leyniorð á boltunum og skrifaðu þau á línurnar.






Lestu og veiddu hopporðin.

bíll

Búi gíraffi nota hattur

bolli ber banani boli höll

Lubbi fífill nóta






Lestu og skrifaðu hopporðin í vatninu.











Hvort byrja orðin á **bl** eða **br**? Skrifaðu fyrstu tvo stafina.

 ______________  ______________

 ______________  ______________

 ______________  ______________



Y y Ý ý

Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

Y Y Y

Ý

y y y

ý




fyrir yfir yfir fyrir yfir fyrir

 y–i   ý–í 


yddari


il


ýta


ís



Dragðu strik frá orðunum í rétta mynd.









ís
ýta
fífill
il
mýs
viti
dyr
indíáni
litir
TF-BYR
fíll
tíu
bíll
yddari










Lestu með vini eða vinkonu. Skiptist á hlutverkum.



Raðaðu í rétta atburðarás. Settu númer við myndirnar.










Æfðu heiti þessara stafa þrisvar.

u é y í ö e ý i é ó a ö

æ á ý ö i ú e ö é æ o y

Æfðu hljóð og heiti þessara stafa þrisvar.

j h t f g m ð v b r n l

g ð l v ð j h n t ð v m

1 ☐ ☐
2 ☐ ☐
3 ☐ ☐

Lestu öll orðin þrisvar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| já | júní | jól | foss | ég | afi |
| él | hestur | sé | hús | tíu | hæna |
| taska | gala | við | læða | að | gata |
| afmæli | hönd | föt | vél | bátur | mýs |
| yfir | janúar | fyrir | sæt | býr | ýta |

1 ☐ ☐
2 ☐ ☐
3 ☐ ☐



Þ þ



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

Þ Þ Þ

Þ

þ þ þ

þ




það þið þegar þú þegar þið þú þegar



Lestu og skrifaðu.

Þ

-á

-ó

-ú

-ið

-að

Mundu að **þ** er fremst í orðum og **ð** er inni í orðum eða aftast.





Hvar heyrir þú **þ** og hvar heyrir þú **ð**?

 ð



















Hvaða leið fer þyrlan? Finndu orð sem ríma og fylgdu númerum.

húfa

2 þú

5 þari

fór

Ari

8 þora

bora

1 þúfa

bú

4 Þór

6 þola

bær

3 þín

mín

vola

7 þær





Lestu og skrifaðu orðin við myndirnar.



Þura og Þór þjóta niður í fjöru.

Þar er **þang** og **þari**.

Þú þarft að gæta þín

á **þang-lús**, sagði Þura.

En sjáðu, þarna er **sæfífill**.

Oj, en sá **þefur**, sagði Þór.











Lestu og skrifaðu.

[4]**Nú** [2]**fer** að [1]**flæða** að

og þunn móða færist yfir.

Þarna er þurs, volar Þór.

Ha, ha, ha, hlær Þura.

Þetta [5]**er** bara hann afi

að [6]**vitja** um [3]**netin** sín.

Af hverju fór Þór að vola?



Leystu gátuna.






Raðaðu orðunum rétt og skrifaðu setningar á línurnar.
Sá vinnur sem er fyrstur í mark með flestar setningar.

1 ______________________________

2 ______________________________

3 ______________________________

4 ______________________________

5 ______________________________



K k



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

K K K

K

k k k

k




kona kýr kálfur kisa kýr kona kýr



Klappaðu orðin og skrifaðu hve mörg klöppin eru.
Skrifaðu fyrstu tvo stafina í orðinu.

   

☐ ________ ☐ ________ ☐ ________ ☐ ________

   

☐ ________ ☐ ________ ☐ ________ ☐ ________



Finndu orðin á kökunni og skrifaðu á línurnar.




Úti er ________ og rigning.

Kata fær ________ í afmælinu.

Kári las ________.

Karó setti ________ á krukku.



Leystu gátuna.

4 

5 

3 

1 

2 

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | k | | | | | | |
| 2 | | k | | | | | |
| 3 | | | k | | | | |
| 4 | | | | k | | | |
| 5 | | | | | k | | |



Skrifaðu rétt orð við myndirnar.

jökull
kisa
klettur
kýr
kálfur
karl










Kastaðu boltunum í körfuna og búðu til orð.











Tengdu hljóðið **k** við orðbútana og skrifaðu orðin.






Æfðu þig að lesa, ríma og skrifa.



Kýrin í fjósinu kallar:

Kýrnar mínar allar.
Kominn er kálfur nýr
sem kallaður er Týr.
Hann er kíminn og kátur
og kann að vekja hlátur.
Hinar kýrnar höfðum snúa.
Já, hann mun hjá
okkur búa.

Kýrin kallar:
Kýrnar mínar ________.
Kálfurinn er nýr
og er kallaður ________.
Hann er kíminn og kátur
og kann að vekja ________.
Hinar kýrnar höfðum snúa.
Já, hann mun hjá okkur ________.



# D d



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

D D D

D

d d d

d




dót dúkka dís dót dúkka dís dúkka



Settu **d** fyrir framan stafina og orðbútana og lestu orðin.



___ á ___ úfa ___ ót

___ é ___ ós ___ ans

___ ý ___ ís ___ æla

Dropi dettur úr skýi.

Dropi ___ á blóm.

___ ___ ___ regnhlíf.

___ ___ ___ gras.

___ ___ ___ Dóru

og dúkku-vagninn hennar.





Búðu til orð og skrifaðu.




garður ___

saga ___

safn ___

vinur ___

matur ___



Lestu og skrifaðu nöfnin.

Í dag er barna-boð
hjá Dóru.
Mamma lætur dúk
á borðið.
Pabbi kemur með
diska og glös.
Það koma 5 gestir.
Hvar eiga þeir að sitja?




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Daníel | Dísa | Díana | Dagur | Davíð |



Lestu og skrifaðu.



Dóra á dúkku í kjól.
Dúkkan getur dansað.
Hvað getur dúkkan?

Hún ________ ________ .



Dóri á dúfur í kofa.
Það eru bréf-dúfur.
Hvar eru dúfur Dóra?

Þær ________ ___ ________ .









Veiddu orð með **d** og skrifaðu.




____________________ ____________________

____________________ ____________________



Veiddu orð með **b** og skrifaðu.




____________________ ____________________

____________________ ____________________



Búðu til orð úr orðbútunum.




____________________

____________________

____________________

____________________



Au



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

Au Au

Au

au au

au




baun auga ausa auga baun auga









Veiddu orð með **au, y** og **ý** og skrifaðu þau í réttan reit.

| au-orð | | y-orð | | ý-orð | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |



Finndu orðin í auganu og skrifaðu á línurnar.




______ ______ ______

______ ______ ______



Lestu og skrifaðu orðin hér að ofan á réttan stað.

Auður ______ í burtu.

Auðunn ______ við bókina.

Dóri hitti ______.

Það er ______ í krukkunni.

Ása setti aura í ______ .

Laufið ______ af trénu.



Lestu söguna, ljúktu við myndina og litaðu hana.

TEIKNAÐU

| | | |
|---|---|---|
| dyr | Ásu | ský |
| glugga | Auði | blóm |
| draug | Auðun | tré |




**Au**ður frænka

býr í r**au**ðu húsi

við **Au**stur-veg.

Ása og **Au**ðunn sjá

veru í risinu.

Ætli séu dr**au**gar þar?

**Au**ðunn og Ása

l**au**mast upp í risið.

Þar sjá þ**au** rúmföt á snúru

sem bærast í golunni.

Hvers vegna héldu börnin að það væru draugar í risinu?

_______________________________________________

_______________________________________________

Hvað ætti sagan að heita? ______________________________



Dragðu strik á milli orða sem hafa sömu merkingu.

| | |
|---|---|
| læðast • | • hægur vindur |
| vegur • | • laumast |
| kíkja • | • vofa |
| auður • | • gægjast |
| draugur • | • gata |
| gola • | • tómur |



Dragðu línur eftir stafrófsröðinni.






Æfðu þig að lesa, ríma og skrifa.

Bóndinn sótti n**au**t í haga.

Þá varð til þessi s________.

Sagan gerðist um h**au**st

þegar n**au**tið gekk l________.

Hundur bóndans gelti

og n**au**tið e________.

Bóndinn g**au**laði

en n**au**tið b________.

Bóndi varð r**au**ður í framan

og þótti ekki g________.

Að lokum fór n**au**tið á bás

og bóndi skellti í l________.



Á myndinni er:

______________________________



P p



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

P P P

P

p p p

p



popp

poki popp pota upp popp upp poki

Tengdu **p** við orðbútana og skrifaðu orðin.




Lestu og skrifaðu.

Píla, kisan hans Pésa, er týnd.

Pabbi, Pési og Pála kalla á Pílu.

Pála, hvað ert þú að pukrast með

í þessum poka? spyr pabbi.

Pála lætur Pésa fá stóran poka.

Pála prakkari! dæsir Pési.

Hvað er í pokanum?




H

Hvað er Pála að pukrast með? ____________________

Af hverju dæsir Pési? ____________________

Tengdu orðin saman og skrifaðu þau á línurnar.




Búðu til orð sem byrja á **páska-**.




Hvaða myndir eiga sama orðið?





Lestu, teiknaðu, litaðu og svaraðu spurningunum.



Nú er fjör hjá Palla og Pálu.
Páfi flýgur um íbúðina
og gargar hátt.

Kisan Píla sefur í körfu.
Hún vaknar og
sér Pésa hamstur
fara á bak við sófa.
Píla nær að klófesta Pésa.

Þá kemur Páfi og
bítur fast í Pílu.
Nú munaði mjóu.
Pési slapp en Píla er aum
í rófunni sinni.

Hvers vegna er fjör hjá Palla og Pálu? ______________________

Hvar sefur kisa? ______________________

Hvar faldi Pési sig? ______________________

Hvar er Píla aum? ______________________



# Ei



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

Ei Ei Ei Ei

Ei

ei

ei




einn ein eik einn eik ein einn



Hvar heyrir þú **ei**? Fremst, inni í orðinu eða aftast?





Tengdu saman hljóðin og skrifaðu orðin.

s

n

þ

v

**ei**

_______________

_______________

_______________

_______________



Skrifaðu **ei** og lestu orðin.

v__t    g__t    b__t    f__t    h__t



Lestu og tengdu við rétta mynd.

Einar á heima í húsi. •

Leifur á heima í há-hýsi. •

Hera á heima í höll. •





Sei, sei, nei, sagði amma.

Ég á heima í ____________ .

v t ei s



# Ey



Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.

Ey Ey Ey Ey

Ey

ey

ey



eyra

eyra eyja eyða eyra eyra eyrir





Finndu rímorð með **ei**.




| | | |
|---|---|---|
| heyra | m | ______ |
| hey | n | ______ |
| keyra | l | ______ |
| eyða | m | ______ |



Lestu og skrifaðu.

# Ey

| | |
|---|---|
| þór | ______ |
| vör | ______ |
| gló | ______ |
| rún | ______ |
| dís | ______ |
| vindur | ______ |



Skrifaðu **ey** og lestu orðin.

___ ja     r ___ na     p ___ sa     t ___ ma     ___ ra



Lestu og settu rétt númer við myndirnar.

1. **Ei**nar er að l**ei**ra.
2. R**ey**nir v**ei**ðir b**ei**n.
3. **Ey**rún t**ey**mir g**ei**t.
4. H**ei**mir situr á gr**ei**n.
5. L**ei**fur l**ey**sir b**ei**slið.
6. **Ey**vör vill m**ei**ra.
7. T**ei**tur k**ey**rir jeppa.
8. **Ey**dís l**ei**ðir **Ey**fa.






Leystu gátuna.





Lestu og skrifaðu orðin á línurnar.

Eyrún og Einar fara út í Seley. Þau ætla að finna leyni-göng. Getur þú hjálpað þeim?

eyðibýli
geymsla
sóley
tré
hellir





Vísbendingar.

1. Við eyðibýlið er reynitré. Lestu leyni-orðin á trénu.

sla – gey – m ______________________

2. Í geymslunni er miði. Hvað stendur á honum?

hólf – leyni vegg í dyr við

______________________

3. Í hólfinu er mynd af ey – sól ______________________

4. Hjá henni er op á helli.

Þar sérðu eylni – ögng ______________________







Sporaðu fyrst og skrifaðu svo.




kex sex lax sex kex fax kex



Lestu og skrifaðu rétt orð í eyðurnar.



Aldís: Sæll, Axel. Hvernig er í Mexíkó? Ertu búinn að læra að kafa?

Mexíkó



Axel: Sæl, það er fínt að vera í ________________ . Ég er orðinn góður kafari.



Faxi



Aldís: Ég fór á Faxa niður að á að veiða ________ . Ég datt af baki og missti orma-________ .



Axel: Æ, æ, meiddir þú þig?



Aldís: Já, __________ er aum. Svo eru nýju __________________ mínar ónýtar.



Axel: Það var leitt en nú er klukkan _______ og ég þarf að fara að kaupa ________ fyrir Max.



Max



Bless!



Skrifaðu rétt orð við myndirnar.
Dragðu strik á milli orðanna sem ríma.



________________ ________________

________________ ________________

________________ ________________



BYRJA
1
2
3
4
Þú ekur út af og ferð aftur á reit 1.
5
6
7
8
9
10
Það er flóð í ánni. Þú kemst ekki yfir brúna. Bíður eina umferð.
11
12
13
Þú ekur vel og færð aukakast.
14
15
16
17
Það er rautt ljós við göngin. Þú bíður eina umferð.
18
Þú ekur of hratt og ferð aftur á reit 13.
19
20
21
ÍS
Þig langar í ís. Þú bíður eina umferð.
22
23
24
25
Þú ert svöng/svangur og ekur að kaffi-húsinu. Bíður eina umferð.
26
27
28
29
30
31
32
Kaffi


F E R Ð A



Þú stöðvar bílinn og gengur á tindinn. Bíður 2 umferðir.
Ísbjörn kemur niður fjallið. Þú gefur í og ferð 6 reiti áfram.
Þú tekur ferjuna yfir fjörðinn og ferð á reit 65.
Sæla og Æsa fara yfir veginn. Þú bíður eina umferð.
Þú stansar til að veiða. Bíður 2 umferðir.
Þú þarft að flýta þér heim. Færð eitt aukakast.
Þú stöðvar bílinn til að taka myndir. Bíður eina umferð.
ENDIR


S P I L I Ð



Lestu.



Krossaðu í réttan reit.



| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Getur hæna sagt me? | ☐ | ☐ |
| 2. | Getur geit sagt hnn? | ☐ | ☐ |
| 3. | Getur hundur sagt mjá? | ☐ | ☐ |
| 4. | Getur hestur sagt voff? | ☐ | ☐ |
| 5. | Getur svín sagt gagg, gagg gó? | ☐ | ☐ |
| 6. | Getur kýr sagt mö? | ☐ | ☐ |
| 7. | Getur önd sagt bra, bra? | ☐ | ☐ |
| 8. | Getur kisa sagt dirr in dí? | ☐ | ☐ |
| 9. | Getur lóa sagt krunk, krunk? | ☐ | ☐ |
| 10. | Getur krummi talað? | ☐ | ☐ |



Hvað segja dýrin? Skrifaðu heiti þeirra á rétt strik.

| | |
|---|---|
| ____________ mjálmar. | ____________ rymur. |
| ____________ jarmar. | ____________ galar. |
| ____________ geltir. | ____________ baular. |
| ____________ hneggjar. | ____________ kvakar. |
| ____________ syngur. | ____________ krunkar. |

Lestu myndirnar eins hratt og þú getur og skrifaðu fyrsta stafinn.




Æfðu heiti þessara stafa þrisvar.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Au | ei | æ | ey | y | ö | ý | au | u | ey | o | é |
| Á | i | au | ei | é | ey | ó | e | ý | ú | ö | æ |

Æfðu hljóð og heiti þessara stafa.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| k | d | x | þ | b | ð | j | p | g | t | h | f |
| m | p | b | l | h | s | g | v | k | n | d | þ |




1 ☐ ☐

2 ☐ ☐

3 ☐ ☐

Lestu öll orðin þrisvar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Píla | þota | dansa | kisa | auga |
| þúfa | draugur | þá | baun | kona |
| lax | eyra | orð | pabbi | kex |
| kálfur | rauður | eyja | diskur | veik |
| buxur | poki | box | þú | heyra |




1 ☐ ☐

2 ☐ ☐

3 ☐ ☐

## Til kennara



Tvær vinnubækur fylgja lestrarkennsluefninu *Lestrarlandið* og er þetta sú seinni. Í henni eru æfðir eftirfarandi bókstafir: *j, f, é, h, t, g, ð, ö, b, y, ý, þ, k, d, au, p, ei, ey, x* og hljóð þeirra. Hver bókstafur er sýndur með íslenska fingrastafrófinu sem fyrr. Þetta er einkum gert með táknmálstalandi börn í huga en býður einnig upp á nýja leið til að styrkja innlögn bókstafanna. Mörgum börnum finnst gaman að nota handahreyfingar í leikjum og því er tilvalið að kenna þeim fingrastafrófið um leið og farið er yfir bókstafina. Sjá nánar á is.signwiki.org

## Um lestur

Mikilvægt er að minna á að í grófum dráttum samanstendur lestrarfærni af tveimur meginþáttum: *umskráningu* og *lesskilningi*. Börn þurfa að læra að vinna með tákn bókstafanna og tengsl þeirra við hljóð talmálsins til að vera fær um að lesa orð og texta. Færni barna í talmálinu, ekki síst orðaforði, leggur grunn að lesskilningi. Bóklestur er hins vegar mikilvægur til að efla orðaforða barna og því er mikilvægt að öll börn nái sem fyrst góðum tökum á lestri svo þeim gefist tækifæri til að bæta orðaforða sinn, skilning og þekkingu. Í vinnubók 2 er sem fyrr lögð áhersla á að þjálfa eftirfarandi meginþætti lestrarnámsins: *tengsl bókstafa og hljóða, umskráningu, lesfimi, orðaforða, lesskilning og ritun*. Eftir því sem bókstöfum fjölgar má gera ráð fyrir að verkefnin reyni meira á nemendur. Hér er því áfram lögð áhersla á fjölbreyttar, endurteknar verkefnagerðir til að nemendur öðlist smám saman meira öryggi við umskráningu og lesskilning.

## Vinnubókinni fylgt úr hlaði

Gert er ráð fyrir að nemendur vinni vinnubækur 1 og 2 samhliða lestrarkennslubókinni *Lestrarlandið* enda birtast sögupersónur *Lestrarlandsins* jafnframt í vinnubókunum. Verkefni vinnubókanna eiga m.a. að styrkja vitund nemenda um tengsl stafs og hljóðs (umskráningu) og því er heppilegt að vinna verkefnin í kjölfar stafainnlagna. Hafa þarf þó í huga að nemendur tileinka sér stafaþekkingu mishratt. Sumir geta auðveldlega unnið vinnubækurnar sjálfstætt en aðrir þurfa markvissa kennslu og utanumhald. Fylgjast þarf vel með framförum hvers og eins og gefa færi á upprifjun og endurtekningu þegar þörf er á. Sem fyrr eru hér notaðar myndir á nokkrum stöðum í lestextum til að tjá orð sem innihalda bókstafi sem ekki er búið að kenna.

Mælt er með að kennarar fylgi skriftarþjálfuninni skipulega eftir með hverjum og einum. Handskrift er mikilvæg færni og í gegnum hana festast bókstafir og hljóð þeirra fyrr í minni. Góð tök á ritun bókstafanna gefa börnum möguleika á að vinna með umskráningu og skilning (setningar og sögugerð) gegnum ritun. Auk þess þjálfa börnin fínhreyfingar sem er afar mikilvæg undistöðufærni fyrir mörg önnur viðfangsefni skólastarfsins. Nemendur sem hafa náð tökum á lestri ættu að spreyta sig á verkefnum sem finna má á vefnum *Lesum og skoðum orð í Lestrarlandinu*. Æskilegt er að nemendur vinni saman að þeim verkefnum.

## Hlustunarskilningur og orðaforði

Á byrjunarstigi lestrarnámsins er mikill munur á færni barna við að skilja texta og umskrá hann. Þess vegna er mikilvægt að kennarar efli orðaforða nemenda og les-

skilning gegnum hlustun. Myndefni og sögur *Lestrarlandsins* gefa fjölmörg tækifæri til að þjálfa þessa þætti, bæði í hóp og einstaklingslega. Myndefni má finna á vefnum *Lestrarlandið* á vefsíðu Námsgagnastofnunar og þar eru einnig allar sögurnar í sögubókinni lesnar. Í vinnubók 2 er haldið áfram að efla orðaforða með verkefnum um samsett orð og samyrði (ólíkir hlutir sem hafa sama heiti og oft myndræna samlíkingu) en við bætast verkefni um samheiti.

## Umskráning og lesskilningur

Góð og skilvirk umskráning er forsenda þess að nemandi getið lesið sér til skilnings. Rétt er að minna á að færni í hlustunarskilningi (að skilja lesinn texta) og umskráningu helst ekki í hendur við upphaf lestrarnáms og því henta textar til kennslu umskráningar ekki alltaf kennslu í lesskilningi og orðaforða. Í vinnubók 2 er leitast við að þjálfa lesskilning eftir því sem lestextar gefa tilefni til. Bæði er gert ráð fyrir að nemendur svari beinum efnisspurningum en beiti einnig ályktunum (lesi milli línanna) út frá vísbendingum í textanum, sjá bls. 13, 15, 22, 23, 25, 52, 55, 57, 63. Mikilvægt er að byrja snemma að þjálfa ályktunarhæfni en það er færni sem nemendur með sértæka lesskilningserfiðleika eiga í mestum vanda með. Í viðbót við framangreind verkefni væri gagnlegt að æfa ályktunarhæfni gegnum hlustunarskilning og leiki.

## Kennsluleiðbeiningar við einstök verkefni



**Stafapúsl bls. 4.** Nemendur æfa sig í að búa til mismunandi orð úr nokkrum bókstöfum sem búið er að kenna. Útbúa má raunveruleg stafapúsl úr krossviði eða pappa (má plasta) til að gera verkefnið áþreifanlegra. Einnig má nota *Stafaöskju Námsgagnastofnunar*. Í þessu verkefni upplifa nemendur hvaða áhrif einn bókstafur (hljóð) getur haft á merkingu orða. Hægt er að finna a.m.k. 50 merkingarbær orð úr bókstöfunum sem mynda púsluspilið. Dæmi: *Tveggja stafa orð:* nú, já, jú, ná, næ, vá. *Þriggja stafa orð:* Jói, væn, vær, nál, val, vel, vil, jól, næm, nám, nam, nem, var, nes, vin, Nói, vír, Jón, vin, vín, Níl. *Fjögurra stafa orð:* Nína, núna, Númi, Vera, jójó, næla, vasi, væla, væna, væni, vara, væri, vísa, vari, nóló, jæja, Jóna, jóla, Nóri, Nóra, námi, náma, nemi, vara, næmi.



**Hopporð rifjuð upp á bls 33.** Hér er minnt á „hopparann“ til að vekja athygli á hvernig kenna má lestur á stuttu sérhljóði á undan tvöföldu samhljóði (/ss/, /tt/, /mm/ o.s.frv.) með áþreifanlegum hætti. Gagnlegt er að æfa þetta með því að skrifa orð á karton og láta börnin æfa sig að hoppa yfir stutta sérhljóðið og lenda með báða fætur samtímis hvorn á sitt samhljóðið. Börnin segja hljóð orðsins um leið og þau hoppa og stíga, þ.e.: Llll-u-mmm-a o.s.frv. Hér má ýkja lengd allra hljóða á meðan hoppað og stigið er í gegnum orðið nema /u/ og /a/ eru stutt. Þessi æfing er sérstaklega mikilvæg fyrir þá nemendur sem hafa veikleika í hljóðavitund. Oft eiga þeir erfitt með að greina mun á stuttu og löngu sérhljóði en sá vandi fylgir mörgum fram á fullorðinsár. Með því að láta líkamann fylgja eftir hraða og áherslum lestrarins í verklegri æfingu á gólfi skynja nemendur betur samspil stuttra sérhljóða á undan tvöföldum samhljóðum sem auðveldar þeim að festa þetta erfiða atriði í minni. (Sjá nánar í vinnubók 1.)

**Þjálfun lesfimi bls. 37 og bls. 69.** Hér gefst mikilvægt tækifæri til að rifja upp bókstafi og orð sem komið hafa fyrir í vinnubókinni. Á þessu stigi lestrarnámsins

vísar lesfimi til sjálfvirkni og nákvæmni við lestur bókstafa og stakra orða. Börnin geta æft sig ein eða unnið saman tvö og tvö og hlustað hvort á annað og jafnvel tímamælt. Þau geta líka metið sjálf hvernig þeim hefur gengið með því að krossa við í reitina eftir hvern lestur. Kennarar geta nýtt þessar æfingar til að kanna lesfimi barnanna og hversu vel þau þekkja þá bókstafi sem komnir eru.

**Teningaspil bls. 28.** Nemendur kasta fimm teningum með bókstöfunum sem komnir eru og skrifa orðin sem hægt er að búa til á línurnar. Raða má teningunum í hvaða röð sem er til að finna orð en ekki breyta þeim hljóðum sem upp koma. Hvernig er hægt að búa til teninga með bókstöfum? Ein leið er að fara í smíðastofuna og biðja smíðakennarann að saga niður fimm litla teninga úr afgöngum. Reynið að hafa teningana sem jafnasta að stærð. Einnig er hægt að setja límmiða á venjulega teninga og skrifa bókstafina á þá. Skrifið bókstafina á teningana þannig: Tveir teningar með samhljóðunum, annar með v, ð, j, f, h, t og hinn með g, n, s, l, m, r. Þrír teningar með sérhljóðunum e, o, æ, é, ö, i / e, o, æ, a, í, á / é, ö, a, u, ú, i.

Hægt er að búa til yfir 50 merkingarbær orð úr þessum bókstöfum. Dæmi: *Tveggja stafa orð:* fá, má, il, mö, ör, sú, hæ, ær, að, æð, ræ, jú, ís, té, sé, úr, fé, fæ, ef, ég. *Þriggja stafa orð:* föl, vor, ráð, nes, með, vær, for, tær, hæl, sat, frú, afi, vel, hér, fas, goð, Fía. *Fjögurra stafa orð:* hæli, væru, voru, ráfa, rúta, fari, rata, hosa, hæna, hola, foli, færa, mæða, læða, nota, roði, tími, mæta, meta, tæma.

**Spurningarmerkið – spil bls. 41.** Hér eiga börnin að kasta teningum til skiptis, færa spilaskífuna og æfa sig í að raða orðum rétt í setningar og skrifa þær á línurnar. Verkefninu er ætlað að þjálfa nemendur markvisst í lestri og ritun. Minnt er á að ritun er ein öflugasta leiðin til að æfa sjálfvirkni í tengslum bókstafa og hljóða. Ritun eflir því afar vel færni í umskráningu. Börn sem eru lengi að byggja upp sjálfvirkni í umskráningarferlinu ættu að fá markvissa þjálfun í ritun samhliða lestri.

**Ferðaspilið bls 66 og 67.** Hér er æfður lestur með öllum bókstöfunum, orðaforði og lesskilningur. Gert er ráð fyrir að flestir nemendur geti nú lesið (umskráð) stuttan texta. Sum börn lesa þó enn þá hægt en hér gefst líka möguleiki á börnin hjálpi hvert öðru.



# Lestrarlandið Vinnubók 2

ISBN: ISBN: 978-9979-0-1605-2

© Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir
© teikningar Böðvar Leós og Linda D. Ólafsdóttir
Teikningar af fingrastafrófi eru birtar með góðfúslegu leyfi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Fagleg ráðgjöf og yfirlestur: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Kristjana Pálsdóttir

Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2012
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Útlitshönnun og umbrot:
Námsgagnastofnun

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. –
Umhverfisvottuð prentsmiðja


Lestrarlandið
Á þessari vefsíðu má finna myndir úr lestrarbókinni til að varpa á vegg og nota sem grunn til að ræða saman. Velja má um hvort myndirnar eru sýndar með eða án texta. Einnig eru krækjur þar sem heyra má sögurnar lesnar. Auk þess má nálgast textann í sögubókinni og skoða hann á skjá ef óskað er.
Myndir úr lestrarbók – án texta
Myndir úr lestrarbók – með texta
Texti í sögubók (pdf)
Sögur lesnar
Lesum og skoðum orð í Lestrarlandinu
Lesum og skoðum orð í Lestrarlandinu
Áá Ss Íí Aa Ll Óó Rr
Ii Úú Mm Uu Ee Vv Oo
Nn Ææ Jj Ff Éé Hh Tt
Gg Öö Bb Ýý Þþ Kk Dd
Auau Pp Eyey Xx
Um vefinn
Lestrarlandið
Sögubók
Lestrarlandið
Lestrarlandið
Vinnubók
1
Lestrarlandið
Vinnubók
2

Lestrarlandið



# Vinnubók 2

Lestrarlandið er námsefni handa börnum sem eru að byrja að læra að lesa.

Efnið skiptist í sögubók, lestrarbók, hljóðbók, tvær vinnubækur og efni á vef.

Í vinnubókunum er lögð áhersla á að þjálfa meginþætti lestrarnámsins. Gert er ráð fyrir að þær séu notaðar samhliða lestrarbókinni.

Höfundar vinnubókanna eru Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir.

Teikningar eru eftir Böðvar Leós og Lindu D. Ólafsdóttur.



Námsgagnastofnun
07103

ISBN 978-9979-0-1605-2